

Sp. 186. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Björn Jónsson, Garðar Halldórsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað í landinu, svo fljótt sem við verður komið, á grundvelli laga frá 1957, um lax og silungsveiði, X. kafla, 82.—91. greinar.

G r e i n a r g e r ð .

Þegar Ísland byggðist, voru hér öll vötn full af fiski. Alla tíma síðan hefur veiði vatnafiska verið mikilsverður þáttur í atvinnu þjóðarinnar og fært kenni mikla björg. En fiskiföngin gengu til þurrðar, eins og við var að búast. Margra alda ofveiði hefur fyrir löngu gengið allt of nærri fiski í ám og vötnum, laxi og silungi.

Afskipti ríkisvaldsins af þessum málum hafa hingað til aðallega beint að því að takmarka veiði, þ. e. friða vötn fyrir ofveiði. Og er það góðra gjalda vert, það sem það nær. Nú opnast augu manna betur og betur fyrir því, að fiska má einnig rækta og ala upp, kynbæta tegundir og dreifa beztu stofnum á stöðvar, þar sem þeir voru ekki til áður, og eru sumar þjóðir komnar langt í þeim efnunum. Vafalaust er þarna mikilsvert mál á ferð, að visu enn á tilraunastigi á ýmsan hátt. En erlend reynsla og tilraunir munu þó geta gefið okkur Íslendingum margar góðar bendingar, þó að hér verði að sjálfsögðu að byggja aðallega á innlendri reynslu og tilraunastarfsemi.

Verkefni fiskeldisstöðva geta verið margþætt. Má þar aðeins nefna sem dæmi: útvegum hrognafiska og hængja, klakstarfsemi, uppeldi seiða, unz þau eru það vaxin, að þau eru komin yfir mesta vanhaldatímamann, úrval beztu fiskstofna til ræktunar, uppeldi fisks í smávötnum, unz þeir hafa náð frálagsþroska, tilraunir með fóðurgjöf í ætissnauð vötn, áburðardreifingu í vötn til að auka þar gróður og smádyralíf, er fiskar eta, o. fl. o. fl.

Líklegt er og raunar nokkurn veginn víst, að fiskrækt verði innan fremur skamms tíma jafnsjálfsögð og kvikfjárrækt er nú, sem komin er fyrir löngu að mestu í stað villidýraveiða áður fyrr. Svipað mætti segja um ræktun alls konar matjurta og fóðurs, sem komið hefur í stað frumstæðari háttu manna við að notfæra sér jarðargróðann.

Í fjárlagafrumvarpi þessa árs áætla ríkisstjórnin 100 þús. kr. til undirbúnings framkvæmda við fiskeldisstöð og sýnir þannig, að hún hefur í hyggju að ýta því máli áleiðis. Hins vegar liggur ekkert fyrir um vilja Alþingis nú um þetta. Við flm. teljum nauðsynlegt, að þingviljinn komi í ljós, svo að fremur sé hægt að taka föstum tókum á þessu mikilsverða máli og hrinda því áleiðis til framkvæmda eins fljótt og tók eru á.

Fylgiskjal.

Tillögur veiðimálastjóra til landbúnaðarráðuneytisins um, að ríkið reisi fullkomna tilraunaeldisstöð.

Aðdragandi.

Fram undir byrjun síðustu heimsstyrjaldar hafði slepping klaks (kviðpoka-seiða) í veiðivötn, þ. e. ár og vötn, verið aðalfiskræktaraðgerðin víða um lönd og þá einnig hér á landi. Það var skoðun manna, að frjóvgun hroгна í náttúrunni væri mjög óveruleg, en á hinn bóginn frjóvguðust nær öll hrogn í klakhúsinu, þegar fiskur væri kreistur í klak. Væri því skortur á seiðum í veiðivötnum, en úr

Því mætti bæta með því að sleppa í þau kviðpokaseiðum. Rannsóknir, sem gerðar voru erlendis á áratugnum fyrir styrjöldina, leiddu í ljós, að skoðanir manna á frjóvgun hrognna í náttúrunni voru rangar. Það kom sem sagt í ljós, að jafnan frjóvguðust hrogn álíka vel í náttúrunni og í klakhúsinu. Þessi niðurstaða olli miklum breytingum erlendis hvað fiskræktaraðgerðir snertir. Í stað þess að klekja út hrognum eingöngu var nú farið að ala upp seiði og sleppa þeim stálpuðum í ár og vötn. Af því leiddi, að fiskræktin varð unsvífameiri en áður og mun kostnaðarsamari, en árangur var óvefengjanlegur, þegar rétt var á haldið. Athygli manna í fiskrækt beindist einnig meira en áður að því að bæta lífsskilyrði fyrir fisk í veiðivötnunum og líta á hverja á og hvert vatn sem sérvandamál, í stað þess að áður var jafnan notað sama úrræði til úrbóta, sem sé að sleppa kviðpokaseiðum.

Á árunum eftir stríðið var klakið sú fiskræktaraðgerðin, sem hér var aðallega viðhöfð, og er hún hér enn notuð að verulegu leyti, um aldarfjórðungi eftir að hún var dæmd að mestu úr leik í öðrum löndum. Þegar ég hóf starf mitt sem veiðimálastjóri árið 1946, var mér ljóst, að gera yrði hið fyrsta breytingar á þessu og taka upp fiskeldi og sleppa stálpuðum seiðum í veiðivötnin í stað kviðpokaseiða. Reisa þyrfti fiskeldisstöðvar, sem yrðu mörgum sinnum dýrari í byggingu og rekstri heldur en klakhúsin höfðu áður verið. Var því augljóst, að ekki yrði auðvelt að koma upp slíkum stöðvum af fjárhagslegum ástæðum. Ég hóf þegar að kynna mönnum hinar nýju skoðanir á fiskræktarmálum, og tóku flestir þeim fálega, eins og við mátti búast, þar sem um nýjung var að ræða, er byggðist á skoðunum, sem brutu algerlega í bága við þáverandi álit manna hér.

Eldisstöð í sameign.

Á árunum 1947 og 1948 höfðu Rafmagnsveita Reykjavíkur og Stangaveiðifélag Reykjavíkur uppi ráðagerðir um að byggja sitt hvort klakhúsið. Lagði ég þá til við þessa aðila, að þeir í félagi við ríkið kæmu upp fyrirmyndar klak- og eldisstöð, og tóku þeir því furðu vel. Ríkið hafði byggt klakhús við Laxá í Þingeyjar-sýslu hjá Brúum á grundvelli klaksjóðslaganna frá 1937, og var það rekið 1943 og 1944, en þá var rekstri þar hætt vegna vandræða, sem orsökudust af krapamyndunum í klakvatninu. Var því æskilegt, að ríkið kæmi sér upp klakstöð, sem jafnframt væri eldisstöð í stað stöðvarinnar að Brúum.

Vann ég með öðru á árunum 1948–50 að ýtarlegri áætlun um klak- og eldisstöð í sameign ofangreindra aðila og lagði fram í maí 1950 áætlun um fyrirkomulag og útbúnað stöðvar, sem staðsett yrði við Elliðaár. Sigurður Ólafsson, verkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, gerði áætlun um byggingar- og rekstrar-kostnað stöðvarinnar. Á næstu árum var haldið áfram með frekari undirbúning. Tillaga um sameignarsamning, sem ríkið gat fyrir sitt leyti fallizt á, var gerð, en hann fékkst aldrei samþykktur af öllum aðilum, og féll því málið niður.

Eldisstöð við Elliðaár.

Þegar útséð var um, að nokkuð yrði úr samvinnu ofangreindra aðila, hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur að undirbúa fiskeldi á eigin vegum, og gerði ég í febrúar 1953, samkvæmt ósk Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, áætlun um fyrirkomulag lítillar eldisstöðvar við Elliðaár. Hóf Rafmagnsveitan síðan laxaeldi og silunga og hefur haldið því áfram til þessa. Hefur stöðin alið laxaseiði og selt þau sumar-gömul úr eldi.

Eldisstöðvar fyrir regnbogasilung.

Á árunum fyrir heimsstyrjöldina og eftir hana hafa nokkrir Íslendingar kynnt fiskeldi í Danmörku, en þar hefur eldi silungs verið búgrein frá því fyrir síðustu aldamót. Danir hafa alið mest regnbogasilung í eldisstöðvum og slátrað honum til sölu á erlendum markaði, þegar hann hefur náð söluhæfri stærð. Hafa Danir

hagnazt vel á fiskeldinu. Árið 1950 var hafizt handa um að koma upp eldisstöð að Laxalóni í Mosfellssveit að fyrirmynd Dana með eldi matfisks fyrir augum. Var í því sambandi regnbogasilungur fluttur til landsins. Hófst eldi í stöðinni 1951. Annarri stöð af sama tagi var komið upp að Þórsbergi við Hafnarfjörð 1954.

Eldistilraunir í einkastöð.

Þar sem á árunum 1950—55 hafði verið komið upp þrem eldisstöðvum hér á landi og útlit var fyrir, að fleiri bættust í hópinn, þar sem nokkrir aðilar höfðu uppi ráðagerðir um að reisa eldisstöðvar, þá var ástæða til að vera bjartsýnn um, að á næstu árum mundu rísa upp margar eldisstöðvar á landinu, sem síðar yrðu færar um að taka upp sum þeirra verkefna, sem fyrirhugaðri eldisstöð ríkisins, Rafmagnsveitunnar og Stangaveiðifélagsins var ætlað að sinna. Fyrir önnur verkefni, sem sé tilraunastarfsemi í þágu fiskeldis og fiskræktar, mætti væntanlega fá aðstöðu í einhverri eldisstöðinni, en með því móti hefði verið vel fyrir málum séð, og ríkið hefði komizt hjá að leggja fram háa fjárhæð til byggingar eldisstöðvar. Af þeirri ástæðu lagði ég til í bréfi til hins háa ráðuneytis, dags. 22. apríl 1955, að ríkið styrkti eldisstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur með 100 þúsund króna óafturkræfu framlagi gegn því, að Veidimálastofnunin fengi aðstöðu til þess að gera tilraunir í eldisstöðinni. Stangaveiðimenn voru reiðubúnir að leggja fram jafnháa upphæð til styrktar eldisstöð Rafmagnsveitunnar. Þetta mál náði ekki fram að ganga, þar sem fé var aldrei veitt í nefndu skyni.

Í framhaldi af ofanrituðu lagði ég til árlega í tillögum um fjárveitingu til veiðimála síðan 1956, að sérstök upphæð yrði veitt til eldistilrauna og tilrauna með fiskræktaraðferðir. Á fjárlögum fyrir 1958 voru veittar 20 þúsund krónur í þessu skyni og 25 þúsund krónur 1959. Þessar upphæðir eru svo lágar, að erfitt er að hefja tilraunir að gagni fyrir þær. Samanlagðar gera þær ekki betur en að nægja til kaupa á áhöldum í sambandi við einföldustu tilraunir. Fyrir velvilja Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra og góða fyrirgreiðslu Erics Mogensens umsjónarmanns var kleift að hefja fóðrunartilraunir í eldisstöð Rafmagnsveitunnar við Elliðaár vorið 1958 og halda þeim áfram síðastliðið sumar.

Tilraunastöð ríkisins.

Þróun eldismálanna hefur verið mjög hæg síðustu 5 ár. Ein eldisstöð bættist í hópinn á árinu 1959, og hinar hafa lítið vaxið þessi ár. Sú von mín, að einkastöðvar mundu færar um nú á undangengnum árum að gegna fyrirhuguðu verkefni eldisstöðvar, er ríkið stæði að eða ætti, sem sé að gera tilraunir í og til seiðaframleiðslu til sölu, hefur brugðizt, og er ekki von um, að úr þessu rætist verulega á næstu árum, þó að stækkun eldisstöðvar Rafmagnsveitunnar standi fyrir dyrum. Til þess að koma eldismálum okkar í viðunandi horf á næstu árum virðist mér ekki vera um annað að ræða en að ríkið reisi nú á næstu 4 árum fullkomna tilraunaeldisstöð samkvæmt heimild í 82. grein laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. Geri ég það hér með að tillögu minni, að svo verði gert. Skal nú gerð grein fyrir verkefnum slíkrar tilraunaeldisstöðvar og fleiru, er hana varðar.

Verkefni tilraunaeldisstöðvar.

Helztu verkefni tilraunaeldisstöðvar ríkisins verði:

1. Gera tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó.
2. Taka þátt í að reyna nýjar fiskræktaraðferðir.
3. Kenna hirðingu og fóðrun fisks í eldi.
4. Framkvæma kynbætur á laxi og silungi.
5. Sjá um útvegum og eldi á heppilegum stofnum lax og silungs til þess að sleppa í ár og vötn og til notkunar í öðrum eldisstöðvum.
6. Framleiða fisk til sölu á erlendum markaði.

Á síðustu árum hafa komið fram erlendis margar nýjungar í fiskrækt, og er útlit fyrir, að svo muni halda áfram. Nýjust þeirra er eldi lax og silungs í sjó-blönduðu vatni og í sjó, sem gefið hefur sérlega góða raun vestan hafs. Margar nýjungar eru líklegar til þess að geta komið okkur að miklu gagni, en um gildi þeirra við íslenzkar aðstæður verður ekki sagt með vissu, fyrr en þær verða reyndar hér af visindalegri nákvæmni. Hlutverk tilraunaeldisstöðvar verður m. a. að reyna þessar aðferðir, eins og fram kemur hér að ofan, enda mun engin önnur eldisstöð fær um að taka að sér að sinna þessu verkefni, svo að vel fari.

Þýðing tilraunaeldisstöðvar.

Tilraunaeldisstöð eins og sú, sem hér um ræðir, mun hafa grundvallarþýðingu fyrir fiskræktina í landinu svo og eldi alifisks til útflutnings. Stórauka má lax- og silungsveiðina til hagsbóta fyrir veiðibændur og til þess að gefa mun fleiri stanga-veiðimönnum tækifæri til þess að veiða heldur en nú er. Sleppa þarf laxaseiðum af göngustærð, 10—15 cm að lengd, í árnar í stórum stíl, og ala má upp laxaseiði í stöðuvótum með tiltölulega litlum tilkostnaði. Tilraunaeldisstöðin getur orðið mönnum hvatning til þess að hefja fiskeldi sjálfir, auk þess sem hún mun veita mönnum hvers konar upplýsingar og fræðslu um fiskeldi. Má vænta þess, að upp muni rísa á landinu á næsta mannsaldri fjöldi eldisstöðva, sem framleiði matfisk til útflutnings og muni færa þar með þjóðarþúinu verulegan gjaldeyri. Er laxarækt í eldisstöðvum, þar sem seiðin eru alin upp í göngustærð og sleppt svo í sjó, sérstaklega arðvænleg. Er líklegt, að fá megi allt að 1.3 milljón króna virði af laxi á hektara af eldistjörnum hér sunnan- og vestanlands, þegar sjóblanda er notuð sem eldisvatn. Laxinn er veiddur, þegar hann kemur aftur fullþroska úr sjó. Getur hann gengið rakleitt upp í eldistjarnirnar, ef rétt er um þúið.

Undirbúningur og bygging tilraunaeldisstöðvar.

Nauðsynlegt er að ætla nær tvö ár til þess að undirbúa byggingu tilraunaeldisstöðvar og tvö ár til þess að byggja stöðina og íbúðir fyrir starfsfólk og nema. Ef hafizt yrði handa nú þegar um undirbúning að stöðinni, ætti honum að vera lokið að mestu seint á árinu 1961. Seinni hluta sumars 1961 yrði byrjað á að byggja klakhús og undirbúa að byggja nokkrar eldistjarnir. Klak yrði fengið í klakhúsið þá um haustið. 1962 yrði unnið að aðalframkvæmdunum og þeim síðan lokið fyrir árslok 1963. Þegar 1962 væri byrjað að ala seiði, og hæfist þannig nokkur rekstur í stöðinni eins fljótt og hægt er. Ætla má, að undirbúningskostnaður á þessu ári yrði nál. 100 þúsund krónur. Á næsta ári þyrfti væntanlega 5 hundruð þúsund krónur og það sem á vantar af byggingarkostnaði að helmingi hvort árið 1962 og 1963, en alls mundi stöðin kosta 3 til 4 milljónir. Nokkurt fé þarf að ætla stöðinni í rekstrarkostnað fyrstu 3—4 árin, en úr því ætti hún að geta staðið undir sér sjálf.

Stofnun fiskræktarsjóðs.

Kostnaður við byggingu tilraunaeldisstöðvar mun vaxa mörgum í augum. Þeir menn eru vafalaust til, sem telja litla ástæðu til, að ríkissjóður leggi beint fram fé til byggingar stöðvarinnar, þó að hann hafi veitt fé til þess að koma upp tilrauna-stöðvum í öðrum greinum. Í þessu sambandi skal á það bent, að nauðsynlegt er að finna leið til þess að leysa fjárhagsvandræðin, sem fiskræktarmálin hafa verið og eru í, með því að finna þeim fastan tekjustofn. Stofna þyrfti fiskræktarsjóð, sem hefði það hlutverk að styrkja fisrækt og fiskeldi og skyld mál. Ef slíkur sjóður yrði stofnaður, gæti það verið fyrsta verkefni hans að styrkja byggingu tilraunaeldisstöðvar eða standa algerlega undir byggingarkostnaðinum. Þess skal getið, að stangaveiðimenn hafa lagt til, að tekna yrði aflað í fiskræktarsjóð með því að leggja 0.75% á selda raforku frá vatnsaflsstöðvum.

Staðsetning tilraunaeldisstöðvar.

Um staðsetningu tilraunaeldisstöðvar er það helzt að segja, að hún mun bezt staðsett í nánd við Reykjavík. Í því sambandi hef ég athugað aðstæður fyrir slíka stöð í Kollafirði, og eru þær að flestu leyti hagkvæmar. Þar má t. d. hafa eldis-tjarnir fyrir ferskt vatn, sjóblöndu og sjó. Fleiri staðir koma vafalaust til greina, og þarf staðsetning stöðvarinnar nánari athugunar við. Heimildar hins háa ráðu-neytis er þörf til þess að semja um leigu eða kaup á landrými undir stöðina svo og vatnsréttindi. Kostnaður við leigu eða kaup á landi undir stöð er ekki talinn með í hinni lauslegu áætlun um kostnaðinn við að koma upp tilraunaeldisstöð hér að framan.

Lokaorð.

Um þörfina fyrir tilraunaeldisstöð hér á landi munu margir efast, eins og reyndar alltaf er, þegar nýjungar koma fram. Við getum í því sambandi litið til Dana og sannfærzt af reynslu þeirra um nauðsyn tilraunaeldisstöðvar. Í Danmörku hefur silungseldi verið búgrein síðan fyrir aldamótin síðustu. Það var fyrst 1953, að Danir komu sér upp tilraunaeldisstöð eftir margra ára bollaleggingar og vanga-veltur. Stöðin hefur þegar gert mikið gagn fyrir silungseldið í Danmörku, m. a. með því að lyfta hulu leyndar um aðferðir við silungseldið. Þessi leynd hafði komið í veg fyrir eðlilegar framfarir í eldismálum Dana í áratugi. Er erfitt að gera sér grein fyrir, hve miklu meira gagn tilraunaeldisstöðin í Danmörku hefði getað unnið fiskeldinu þar, ef hún hefði lengri starfstíma að baki. Hvilíkt óhemju gagn gæti því ekki tilraunastöð orðið hinu nýhafna fiskeldi á Íslandi, ef hafizt yrði handa um að koma henni upp nú þegar? Þegar til kastanna kemur, þá getur starfsemi fyrirhugaðrar tilraunaeldisstöðvar haft úrslitafýðingu um það, hve ört og vel fisk-eldi breiðist út hér á landi og hve arðvænlegt það verður.

Reykjavík, 6. janúar 1960.

Þór Guðjónsson.